


Aðferðin við talningu atkvæða

Kosning til stjórnlagabings verður með allt öðrum hætti en tíðkast hefur í almennum kosningum hér á landi. Kjósendur velja sér frambjóðendur í forgangs röð sem 1. val, 2. val, 3. val o.s.frv., allt að 25.

Talningaraðferðin, sem notuð verður, hefur í þingskjölum verið nefnd *forgangs rööðunaraðferð* en það er þó fullvitt hugtak. Nákvæmara, en klúðurslegra, er að kenna aðferðina við *framsal atkvæðis*, en svo heitir hún á ensku, *Single Transferable Vote (STV)*.

Á eftirfarandi skýringarmynd er aðferðinni lýst með einföldu dæmi.



Súlurnar á myndinni gefa til kynna atkvæðatölur þriggja frambjóðenda (sem 1. val). Lykilatriði í þessari uppgjörsaðferð er svonefndur *sætishluttur*, en það er sú tala atkvæða sem þarf til að ná kjöri að öðru jöfnu. Í væntanlegum stjórnlagabingskosningum verður sætishlutturinn 1/26 hluti gildra atkvæða (ekki 1/25). Verði gild atkvæði t.d. 175.000 mun sætistalan nema 6731 atkvæði. Lárétta línan á 1. mynd sýnir hvar sætishlutturinn liggur miðað við atkvæðasúlurnar. Á vinstri hluta myndarinnar sést að Hallgerður, sem er með gulu súluna og hvíta kúfinn þar ofan á, er langt yfir sætishlut og hlýtur því strax sæti. Kjósendur hennar fá að færa atkvæði sín að vissum hluta til, hver til þess frambjóðanda sem hefur verið 2. val hans, t.d. til Njáls eða Grana, sem fá þá gula ábót frá kjósendum Hallgerðar. Á hægri hluta myndarinnar er sýnt hvað gerist þegar þeir frambjóðendur sem eftir eru hafa allir atkvæðatölu undir sætishlut. Þá er leitað að þeim sem lægsta hefur töluna. Í þessu dæmi er það Grani. Hann er þá úr leik og öll atkvæði hans verða færð til þeirra sem tilgreindir hafa verið sem 2. val hjá kjósendum Grana. Ekki nóg með það. Grani var auk þess búinn að fá atkvæði frá Hallgerði og því er horft til þeirra sem voru tilgreindir sem 3. val á seðlum Hallgerðar. Á myndinni er gert ráð fyrir að einhverjir þeirra hafi þá minnst Njáls. Þau atkvæði (eða atkvæðisbrot) sem færast til Njáls á hægri hluta myndarinnar eru því að hluta til beint frá Grana komin en líka frá Hallgerði í gegnum Grana.

Þetta kann að þykja flókið en ekki er nauðsynlegt að skilja hin tæknilegu smáatriði heldur grundvallarhugsunina. Hún er sú að leitast er við að fara í þaula eftir óskum kjóсандans og láta atkvæði aldrei daga uppi að óþörfu. Sé horft á málið frá sjónarmiði frambjóðenda geta bæði þeir sem vinsælir eru og einnig hinir, sem fáir telja sigurstranglega, sagt við kjósendur að atkvæðum sem þeim eru greidd sé ekki kastað á glæ að því tilskildu að kjósendur hirði um að tilgreina val sitt til vara og þrautavara með því að raða sem flestum frambjóðendum í forgangsröð, allt að 25.